



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins um upplýsingagjöf til dagforeldra

Á 214. fundi skóla- og frístundaráðs, 24. ágúst 2021, lagði fulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig skóla- og frístundasvið hyggst bregðast við niðurstöðum dagforeldra sem sýna að meirihlutinn er óánægður með upplýsingagjöf borgarinnar til dagforeldra? Samkvæmt könnun eru aðeins um 40% dagforeldra mjög eða frekar ánægður með upplýsingagjöf frá Reykjavíkurborg vegna starfa þeirra sem dagforeldri. Tæpur þriðjungur var frekar eða mjög óánægður með upplýsingagjöfina. Dagforeldrar hafa óskað eftir að fá hærri niðurgreiðslur frá borginni með börnunum. Ekki hefur verið hlustað á þetta. Það sem kostar hins vegar ekki neitt er að sýna þessari stétt tilhlýðilega virðingu en það er sláandi að sjá í niðurstöðum að dagforeldrar upplifa að embættismenn Reykjavíkurborgar beri ekki virðingu fyrir starfi þeirra. Dagforeldrum finnst að talað sé niður til þeirra líkt og vistun barna hjá dagforeldri væri síðri kostur en vistun í leikskóla. Dagforeldrum fannst að taka þyrfti meira tillit til þeirra við innritun barna í leikskóla enda fengju þeir iðulega seint upplýsingar um hvenær börn kæmust að á leikskólum. Þá hefði verið skortur á upplýsingum til dagforeldra vegna stöðunnar hverju sinni á tímum Covid 19 faraldursins. Hvað hyggst skóla- og frístundasvið gera í þessu? Hvernig á að bregðast við?

Svar:

Samkvæmt könnun á vegum Reykjavíkurborgar til dagforeldra árið 2020 kemur fram að 39% dagforeldra eru mjög eða frekar ánægð með upplýsingagjöf borgarinnar, 30% hvorki né og 23% frekar óánægðir og 8% mjög óánægðir. Út frá þessum niðurstöðum er ekki hægt að fullyrða að meirihluti dagforeldra sé óánægður með upplýsingagjöf borgarinnar til dagforeldra en vissulega gefa 31% dagforeldra sem eru óánægðir tilefni til að endurskoða upplýsingagjöfina og skoða hvað það er sem helst vantar upp á.

Með tilkomu Betri borgar fyrir börn verkefnisins í öll hverfi borgarinnar var jafnframt gerð breyting á daggæsluráðgjöf og ut anumhaldi daggæslu í borginni. Öll daggæsluráðgjöf og eftirlit voru færð í Suðurmíðstöð þar sem fagstjóri leikskóla heldur utan um málaflokkinn. Komin er 6 mánaða reynsla á þessa breytingu og hefur hún haft mjög jákvæð áhrif á daggæsluráðgjöf og eftirlit, hefur t.d. vinnsla mála sem upp koma mun styttri úrvinnslutíma, er einfaldari og þar með mun skilvirkari gagnvart dagforeldrum.

Töluverðar breytingar hafa einnig orðið í leyfisveitingum, en um áramót tók Gæða- og eftirlitsstofnun velferðamála (GEV) við leyfisveitingum dagforeldra. Skóla- og frístundasvið hefur verið í miklum samskiptum við GEV frá ármótum við að liðsinna stofnuninni við sín fyrstu skref, enda gríðarleg þekking á skóla- og frístundasviði í málefnum daggæslu barna.

Starfshópur hefur verið starfandi sem varðar daggæslumál í borginni og verður skýrslu skilað í haust. Þar eru m.a. tillögur um að koma á þjónustusamningi við dagforeldra sem það kjósa.



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið hefur lagt mikla áherslu á að leikskólar virði mánaðar uppsagnarfrest foreldra vegna barna sinna þegar vistun lýkur.

Starfsfólk skóla- og frístundasviðs hafa alla tíð lagt sig fram um að koma fram af kurteisi, fagmennsku og virðingu í samskiptum sínum við dagforeldra og mun svo verða áfram.